



# LITLI SÁMUR

FRÉTTABRÉF HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS  
3.tbl – mars 2016

**Hlýðniþróf** á vegum **Vinnuhundadeildar HRFÍ** var haldið **26. febrúar** í reiðhöllinni í Víðidal í Reykjavík. Dómari var Albert Steingrímsson og prófstjóri Þórhildur Bjartmarz. 4 hundar voru skráðir í Hlýðni brons og náðu allir bronsmerki. Í fyrsta sæti í prófinu voru labrador tíkin Hvar Er Fuglinn Lotta og stjórnandi hennar Víðir Lárusson, en hlutu þau 172 stig af 180 mögulegum. Aðeins 1 hundur var skráður í hlýðni 1 en það var boder collie tíkin Vista. Fékk hún 174 stig af 200 mögulegum. Stjórnandi og eigandi Vistu er Silja Unnarsdóttir.



**Augnskoðun** á vegum **HRFÍ** fór einnig fram helgina 27.-28. febrúar í andiri reiðhallarinnar í Víðidal. 158 hundar mættu í skoðun til Danska dýralæknisins Jens Kai Knudsen. Margar tegundir þarf að augnskoða og þurfa hundarnir að vera lausir við alla arfgenga augnsjúkdóma áður en rækta má undan þeim.



**Keppni ungra sýnenda** fór einnig fram föstudagskvöldið **26. febrúar** á sama stað og hlýðni prófið í reiðhöllinni í Víðidal. Alls voru 28 ungmenni skráð að þessu sinni og var dómari Marc Linnér frá Svíþjóð. Í yngri flokki stóð uppi sem sigurvegari Hrönn Valgeirsdóttir með íslenskan fjárhund. Marc valdi 4 keppendur í eldri flokknum til að mæta til úrslita á sunnudeginum. Að lokum sigraði Hafdís Jóna Þórarinsdóttir með enskan springar spaniel.





**Hvolpasýning HRFI og Royal Canin** fór einnig fram **26. febrúar** í reiðhöll Fáks í Víðidalnum. 124 hvolpar af 30 tegundum voru skráð til leiks og mættu 4 dómarmenningar frá 4 löndum til þess að dæma. Keppa hvolparnir í tveimur flokkum, yngri hvolpaflokki sem er frá 3-6 mánaða aldri og í eldri flokki 6-9 mánaða. Völdu dómarmenningarnir bestu hvolpa tegundar sem mættu svo seinna um kvöldið og kepptu um bestu hvolpa sýningar. Í yngri hvolpaflokki sigraði Papillion rakkinn Auroras Papillon's Thanks For The Memories og eldri flokkinn sigraði Svartwalds One of a Kind af tegundinni Dvergschnauzer, pipar & salt.



**Alþjóðleg hundasýning HRFÍ** fór fram helgina **27.-28. febrúar** síðastliðinn. Eins og svo oft áður var sýningin haldin í reiðhöllinni í Víðidal. 624 hundar af 83 tegundum voru skráð til leiks og var mikið um nýjar tegundir sem hafa ekki sést áður á sýningum hérlandis. 5 dómarmenningar frá 5 löndum fengu það verk að dæma og velja bestu hunda tegundar. Uppúr stóð sem sigurvegari þjóðarhundurinn okkar Íslenskur fjárhundur, en það var hann Stefsstells Kolmars Krómi. Var sýningin fyrsta sýning ársins og heppnaðist hún virkilega vel, góður andi var í fólki og mikil stemning fyrir komandi sýningar ári.





**Skráning** er hafin á deildarsýningu **Siberian Husky deildar HRFÍ**. Er þetta fyrsta deildarsýning deildarinnar, en hún verður haldin í laugardaginn 9. apríl í Gæluðýr.is í Korputorgi. Dómari verður Donna Beckman frá USA.

## Á döfinni:

**Aðalfundur Schäferdeildar HRFÍ** verður haldinn miðvikudaginn **9. mars** kl. 20 á skrifstofu HRFÍ að Síðumúla 15. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf. Farið verður yfir ársskýrslu og ársreikning deildarinnar auk þess sem kosið verður til stjórnar Schäferdeildarinnar. Þrjú sæti eru laus, tvö til tveggja ára og eitt til eins árs.

**Fuglahundadeild HRFÍ** verður með **fyrsta veiðipróf ársins** dagana 19. og 20. mars. 19. mars verða Unghunda- og Opinn flokkur. Dómarar verða Svafar Ragnarsson og Pétur Alan Guðmundsson 20. mars verður Keppnisflokkur. Dómarar verða Svafar Ragnarsson og Egill Bergmann Prófstjóri er Unnur Aðalheiður Unnsteinsdóttir.

**Vinnuhundadeild HRFÍ** verður með **hlýðniprof** Laugardaginn 19. mars 2016. Dómari verður Albert Steingrímsson og staðsetning verður nánar auglýst síðar. Skráningarrestur rennur út Mánudaginn 14. mars kl 15:00 Skráningar á skrifstofu Hundaræktarfélags Íslands. Síðumúla 15, 108 Reykjavík.